

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2	ÞÝS 303 Vor 2011	

Kennari	Anke-María Steinke ams@vma.is	Sk.st.	AMS
----------------	--------------------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Framhald í þýsku. Í þessum áfanga verður byggt á undirstöðuþekkingu sem nemendur hafa öðlast í undanförum. Lestextar og æfingar snúast í auknum mæli um flóknari viðfangsefni og við það eykst grunnorðaforðinn. Áhersla verður lögð á að tengja áfangana saman, svo að nemendur liti á námið sem heildarnám. "Óvirk" þekking úr undanfara þarf að verða "virk" í eftirfara. Lögð verður áhersla á að gefa nemendum innsýn í daglegt líf og sögu Þýskalands eftir 1945. Lokið verður við beygingu lýsingarorða og eignarfallið kynnt til sögunnar. Þátið er kennd. Fornafnaatviksorð eru einnig kennd, en þau eru ekki til í íslensku. Þekking á þeim er nauðsynleg, ekki síst m.t.t. þess að nemendur lesa eina stutta skáldsögu á önninni og er munnlega prófið tekið úr þeirri sögu. Þetta er fyrsta bókin sem nemendur lesa á þýsku utan kennslubókar. Sjálfstæð vinnubrögð eru æfð m.a. með notkun orðabóka og nets. Með aukinni málfræðikunnáttu verða verkefni lengri og yfirgrípsmeiri.

Markmið:

Eftir þennan áfanga eiga nemendur að hafa náð tökum á

- helstu forsetningum og fallstjórn þeirra
- öllum tíðum veikra, sterkra og núpálegra sagna
- lýsingarorðum í öllum föllum
- afturbeygðum sögnum
- aðal- og aukatengingum
- fornafnaatviksorðum

auk atriða úr undanförunum áföngum.

Nemendur eiga að vera færir að skilja einfalda skáldsögu með orðabókanotkun auk greinatexta án orðabókar, að skrifa stíla sem taka á ofanefndum atriðum og tjá sig munnlega/skriflega á sjálfstæðan máta um sína hagi. Þeir eiga líka að geta kynnt borgir og lönd fyrir bekkinn og bara notast við stikkorð.

lesbók og vinnubók:	<u>Þýska fyrir þig 1</u>	Mál og menning	2001
lesbók og vinnubók:	<u>Þýska fyrir þig 2</u>	Mál og menning	2002

skáldsaga: W. Flowe: Im Irrenhaus

ítarefni ÞÝS303 fæst á skrifstofu VMA, V2011

málfræði: Þýska fyrir þig Mál og menning

stílar og önnur ljósrit
nauðsýnlegt er að nemandi haldi vel utan um slík ljósrit í sérstakri möppu

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	ÞÝS 303 Vor 2011	


Áætluð yfirferð:


tími	námsefni	próf og verkefni
Lota 1 vika 1-3	Upprifjun: nlt, efn, pfn	Was hast du in den Weihnachtsferien gemacht? (munnlegt próf)
Lota 2 vika 4-7	Kaflí 14 og 16 borgarkynning lo, tíðir sagna, aukasetningar	borgarkynning (glærusýning nemenda)
Lota 3 vika 8-10 (vorfrí)	"Im Irrenhaus" aukasetn., fnao, lo, eignarfall	Munnlegt próf úr "Im Irrenhaus" miðannarpróf
Lota 4 vika 11-13 (opnir dagar)	Kaflí 1 lo.	Ýmis verkefni
Lota 5 vika 14-17 (páskafrí)	Kaflí 2 Landa- og fylkiskynning upprifjun	Landa,- og fylkiskynning (glærusýning nemenda)

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
skriflegt	Lokapróf	50%
munnlegt	Was hast du in den Weihnachtsferien gemacht?	5%
glærusýning	Borgarkynning (paraverkefni)	5%
	Landakynning (paraverkefni)	5%
frammistaða á önn	Miðannarpróf	10%
	Ýmis verkefni unnin heima og í tímum	10%
munnlegt	úr "Im Irrenhaus"	15%

Dagsetning: 06.01.2011


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils